

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1275/2013

2014/EES/36/63

frá 6. desember 2013

**um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, kadmíum, blý, nítrít, rokgjarna mustarðsolíu og skaðleg grasafraðileg óhreinindi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í föðri<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í föður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Tilteknar seinleystar samsetningar (e. *long-term supply formulations*) föðurbætis til sérstakra, næringarlegra nota, sem eru með snefilefni í miklum styrk, innihalda óhjákvæmilega magn af arseni, kadmíumi eða blýi sem fer yfir þau hámarksgildi sem eru fastsett fyrir þessa þungmálma í föðurbæti. Hærrí hámarksgildi fyrir þessa þungmálma í seinleystum samsetningum fela þó ekki í sér áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða fyrir umhverfið þar eð váhrif á dýrin af völdum þungmálmanna með notkun þessara tilteknu, seinleystu samsetninga eru marktækt minni en ef um væri að ræða aðra föðurbæta sem innihalda snefilefni. Því þykir rétt að fastsetja hærrí hámarksgildi fyrir þessa þungmálma að því er varðar slíkar seinleystar samsetningar sem innihalda snefilefni í miklum styrk.
- 3) Gögn hafa borist sem benda til þess að styrkur arsens í föðuraufefninu ferrókarbónati í kjölfar breytingar á framleiðslusvæði fari í tilteknum tilvikum yfir gildandi hámarksgildi. Til að tryggja framboð á ferrókarbónati á evrópskum markaði er rétt að hækka hámarksgildi arsens í ferrókarbónati. Þessi hækkan hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og manna eða á umhverfið þar eð hámarksgildið, sem er fastsett fyrir arsen í föðurbæti og heilföðri, helst óbreytt.
- 4) Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir þungmálma í föðri og matvælum (EURL-HM) greindi nýlega frá marktækum mun milli greiningarniðurstaðna

sem fengnar voru með því að beita mismunandi útdráttaraðferðum, sem eru sem stendur notaðar til að ákvarða blý í kaólinleir og föðri sem inniheldur kaólinleir<sup>(2)</sup>. Áður hefur enginn marktækur munur komið fram á styrk þungmálma í steinefnaföðri með því að beita mismunandi útdráttaraðferðum<sup>(3)</sup>. Hámarksgildi þungmálma vísa til „*magngreiningar á blýi þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark*“. Því er rétt að kveða á um notkun þessarar útdráttaraðferðar til að ákvarða blý í kaólinleir.

- 5) Að því er varðar nítrít gildir sem stendur ekkert hámarksgildi um afurðir og aukaafurðir úr sykkurröfum og sykurreyr og úr framleiðslu á sterkju. Í ljósi þróunar í vísinda- og tækniþekkingu ætti það sama að gilda um afurðir og aukaafurðir úr framleiðslu drykkja sem innihalda vínanda.
- 6) Í ljósi þróunar í vísinda- og tækniþekkingu þykir rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir rokgjarna mustarðsolíu í *Camelina sativa* og afleiddum afurðum við sama styrk og hámarksgildið fyrir repjufræskökur.
- 7) Káltegundir hafa verið skráðar sem skaðleg grasafraðileg óhreinindi vegna þess að þær innihalda mikið magn rokgjarnrar mustarðsolíu (gefin upp sem allýlísóþíósýanöt). Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu um glúkósínólöt (allýlísóþíósýanöt) sem óæskileg efni í föðri<sup>(4)</sup> að skaðleg áhrif á dýr hafi almennt verið tengd við magn heildarglúkósínata í fæðunni. Ef magn heildarglúkósínólata er mælt myndu einnig greinast óhreinindi sem stafa af afurðum úr *Brassica juncea* ssp., *Brassica nigra* og *Brassica carinata*. Því er rétt að fella afurðir þessara tegunda, að fræjunum undanskildum, brott úr VI. þætti I. viðauka um skaðleg grasafraðileg óhreinindi og fastsetja, að því er

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

(2) Ákvörðun á útdraganlegu blýi og heildarblýi í kaólinleir. Tæknileg aðstoð tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir þungmálma í föðri og matvælum við stjórnarsvið heilbrigðis- og neytendamála – JRC 69122 – Sameiginleg rannsóknarmiðstöð – stofnun fyrir viðmiðunarefni og mælingar.

(3) IMEP-111: Heildarkadmíum, -blý, -arsen, -kvikasílfur og -kopar og útdraganlegt kadmíum og blý í steinefnaföðri. Skýrsla um ellefta fjölsetra samanburðinn sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir þungmálma í föðri og matvælum –EUR 24758 EN – Sameiginleg rannsóknarmiðstöð – stofnun fyrir viðmiðunarefni og mælingar, skipulagði.

(4) Álit sérfræðinganeftarinnar um aðskotaeftni í matvælaferlinu, að beidni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um glúkósínólöt sem óæskileg efni í föðri, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 590, bls. 1–76.

varðar fóður sem er unnið úr þessum káltegundum, sama hámarksgildi fyrir rok gjarna mustarðsolú og það sem gildir fyrir repjufræskökur.

- 8) Rétt þykir að nota þau heiti fyrir fódurefni sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fódurefni <sup>(5)</sup>.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1.

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. línu, arsen, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Arsen (1)	Fóðurefni	2
	að undanskildu:	
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykkurófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykkurófumauki,	4
	— pálmakjarnaköku,	4 (2)
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati (10),	15
	— magnesíumoxíði, magnesíumkarbónati,	20
	— fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	25 (2)
	— þang- og þaramjöli og fóðurefnum úr þangi og þara.	40 (2)
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Fóðuruakefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	30
	að undanskildu:	
	— fimmvötnuðu kúprísúlfati, kúpríkarbónati, díkoparklóriðríhýdroxíði, ferrókarbónati,	50
	— sinkoxíði, manganoxíði, kúpríoxíði.	100
	Fóðurbætur	4
	að undanskildum:	
	— steinefnafóðri,	12
	— fóðurbæti fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara,	10 (2)
	— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærrí en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	30
	Heilfóður	2
að undanskildu:		
— heilfóðri fyrir fisk og loðdýr,	10 (2)	
— heilfóðri fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 (2)“	

2) Í stað 2. línu, kadmíum, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
„2. Kadmíum	Fóðurefni úr jurtaríkinu:	1
	Fóðurefni úr dýraríkinu	2
	Fóðurefni úr steinaríkinu	2
	að undanskildu:	
	— fosfötum.	10
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	10
	að undanskildu:	
	— kúprioxíði, manganoxíði, sinkoxíði og einvötnuðu mangansúlfati.	30
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.	2
	Forblöndur <sup>(6)</sup>	15
	Fóðurbætur	0,5
	að undanskildu:	
	— steinefnafóðri	
	— — sem inniheldur < 7% fosfór <sup>(8)</sup>	5
	— — sem inniheldur ≥ 7% fosfór <sup>(8)</sup>	0,75 fyrir hvert 1% af fosfór <sup>(8)</sup> , að hámarki 7,5
	— fóðurbæti fyrir gæludýr	2
	— seinleystum samsetningum fôðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	15
Heilfôður	0,5	
að undanskildu:		
— heilfóðri fyrir nautgripi (að undanskildum kálfum), sauðfé (að undanskildum lömbum), geitur (að undanskildum kiðlingum) og fisk,	1	
— heilfóðri fyrir gæludýr.	2 <sup>cc</sup>	

3) Í stað 4. línu, blý, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„4. Blý (*)	Fóðurefni	10
	að undanskildu:	
	— fóðurjurtum <sup>(3)</sup> ,	30
	— fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum,	15
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati <sup>(10)</sup> ,	20
	— geri.	5
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu:	
	— sinkoxíði,	400
	— manganoxíði, ferrókarbónati, kúprikarbónati.	200
	Fóðuraufefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna	30
	að undanskildu:	
	— klínóptílólití úr gosmyndunum, natrólitfónólítí,	60
	Forblöndur <sup>(6)</sup>	200
Fóðurbætur	10	
að undanskildu:		
— steinefnafóðri,	15	
— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærrí en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	60	
Heilfóður.	5 <sup>“</sup>	

(\*) til að ákvarða blý í kaólinleir og í fóðri sem inniheldur kaólinleir vísar hámarksgildi til magnreiningar á blýi þar sem útdráttur er gerður í saltpéturssýru (5% miðað við rúmmál) í 30 mínútur við suðumark. Nota má jafngildar útdráttaraðferðir hafi verið sýnt fram á að sú aðferð, sem notuð er, hafi samsvarandi skilvirkni í útdrætti.

4) Í stað 6. línu, nítrít, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
„6. Nítrít (5)	Fóðurefni	15
	að undanskildu:	
	— fiskimjöli,	30
	— votfôðri,	—
	— afurðum og aukaafurðum úr sykkurófum og sykurreyr og úr framleiðslu á sterkju og drykkjum sem innihalda vínanda.	—
Heilfôður		15
	að undanskildu:	
	— heilfôðri fyrir hunda og ketti með rakainnihald yfir 20%.	—“

5) Í stað 5. línu, rokgjörn mustarðsolía, í III. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
„5. Rokgjörn mustarðsolía (1)	Fóðurefni	100
	að undanskildu:	
	— fræi af akurdoðru og afurðum unnum úr þeim (*), afurðum unnum úr mustarðsfræi (*), reppufræi og afurðum unnum úr því.	4000
	Heilfôður	150
	að undanskildu:	
	— heilfôðri fyrir nautgripi (að undanskildum kálfum), sauðfé (að undanskildum lömbum) og geitur (að undanskildum kiðlingum),	1000
	— heilfôðri fyrir svín (að undanskildum smágrísam) og alifugla.	500“

(\*) Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærra yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald heildarglúkósínólata sé minna en 30 mmól/kg. Tilvísunargreiningaraðferð er EN-ISO 9167-1:1995.

6) VI. þáttur: Í stað „skaðleg grasafæðileg óhreinindi“ komi eftirfarandi:

„VI. ÞÁTTUR: SKAÐLEG GRASAFRÆÐILEG ÓHREININDI

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
1. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, þ.m.t.	Fóðurefni og fôðurblanda	3000
— <i>Datura</i> sp.		1000

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12% rakainnihald
2. <i>Crotalaria</i> spp	Fóðurefni og fôðurblanda	100
3. Fræ og hýði <i>Ricinus communis</i> L., <i>Croton tiglium</i> L. og <i>Abrus precatorius</i> L. og einnig unninna afleiða þeirra <sup>(1)</sup> , einna sér eða saman	Fóðurefni og fôðurblanda	10 <sup>(2)</sup>
4. Beykhnatur með hýði – <i>Fagus sylvatica</i> L.	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
5. Purghera – <i>Jatropha curcas</i> L.	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
6. Fræ tegunda af <i>Ambrosia</i> spp.	Fóðurefni að undanskildu  — Hirsí (korn af tegundinni <i>Panicum miliaceum</i> L.) og dúrra (korn af tegundinni <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench s.l.) sem ekki eru gefin dýrum beint.  Fôðurblanda sem inniheldur ómalað korn og fræ	50  200  50
7. Fræ af – brúnum mustarði – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>integrifolia</i> (West.) Thell. – sareptamustarði – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i> – sinnepskáli – <i>Brassica juncea</i> (L.) Czern. og Coss. ssp. <i>juncea</i> var. <i>lutea</i> Batalin – svartmustarði – <i>Brassica nigra</i> (L.) Koch – eþíópíumustarði – <i>Brassica carinata</i> A. Braun	Fóðurefni og fôðurblanda	Fræ mega aðeins koma fyrir í fôðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja

<sup>(1)</sup> Að svo miklu leyti sem ráða má með greinandi smásjárannsókn.

<sup>(2)</sup> Nær einnig til hismis.“